

## Samþykkt

16. maí um breyting á byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík 7. sept. 1903 og viðauka við hana.

### 1. gr.

I 18. gr. samþykktarinnar orðist 4. málsg. þannig :

»Milli allra stafa skulu vera þverbönd eða þiljur og í hverjum vegg eigi minna en 2 sniðbönd, er hafi eigi minna horn en 20° við lóðrjetta línu. Ef byggingarnefndin veitir sjerstakt leyfi til, má binda húsrind með sterkum járnknjám í hornum grindarinnar í staðinn fyrir með sniðböndum«.

### 2. gr.

Í 21. gr. orðist 1. málsg. þannig :

»Trjebitar í gólfum íbúðarhúsa skulu ekki vera grennri en 5×6 þuml. og í loptum eigi grennri en 5×5 þuml., þegar hafið er allt að 5 álnir. Við hverja alin, sem hafið vex þar fram yfir, skulu bitar vera 1/2 þuml. breiðari og þumlungi hærri, unz hafið er orðið 10 álnir. Sje hafið meira, ákveður byggingarnefnd í hvert skipti gildleik bitanna«.

### 3. gr.

Í 23. gr. orðist síðari málsg. þannig :

»Kvist- og loptherbergi má hafa til íbúðar, þó að hæð þeirra undir lopt sje eigi meiri en 3 1/2 al. Sje herbergið undir súð, skal meðalhæðin undir lopt yfir hálfu gólfinu minnst yfir 15 fer.áln. eigi vera minni en 3 1/2 al. Í öllum þesskonar herbergjum skal þiljað innan á sperrur og pappi hafður á milli eins og skipað er fyrir um útveggi í 17. gr.«

### 4. gr.

Fyrir byggingarleyfi og störf byggingarfulltrúans skal greiða gjöld, er hjer segir :

I. a. fyrir leyfi til að reisa ný hús 1 eyri fyrir hverja teningsal í húsinu, mælt frá kjallaragólfi eða ytri jarðarflöt, ef eigi er kjallari, að efri bitabrún, þó ekki minna en 2 kr. fyrir einstakt leyfi.

b. fyrir að stækka eldra hús greiðist sama gjald af rúmmáli viðbótarinnar.

II. fyrir önnur byggingarleyfi greiðast 2 kr.

III. fyrir störf, er byggingarfulltrúinn leysir af hendi samkvæmt stöðu sinni eptir beiðni einstakra manna, greiðist 1 kr. fyrir hverja kl.stund eða hluta úr kl.stund, er til starfsins gengur.

Gjöld þessi falla í bæjarsjóð.

Samþykkt þessi, er bæjarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, er hjer með staðfest samkvæmt 5. gr. laga 13. sept. 1901 um breytingu á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavík og viðaukalög um 23. okt. 1903, við nefnd lög.

Í stjórnarráði Íslands, 16. maí 1904.

*H. Hafstein.*

*Jón Hermannsson.*